

Firminatilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvember 1903, um verslunarskrár, firma- og prókúruumboð, hafa eftirfarandi firmu og breytingar á firmum verið tilkynnt til innfærslu á verslunarskrár landsins.

I. Reykjavík.

1. Hjermeð veitum við herra Hans Andersen fult umboð til að rita nafn firmans per procura.

Reykjavík, 27. jan. 1909.

H. Andersen & Sön.

Hans Andersen ritar:

p. p. H. Andersen & Sön

Hans Andersen.

2. Hjermeð tilkynnist, að á aðalfundi 31. f. m. voru kosnir í stjórn hlutafjelagsins »Fjelagsbókbandið« í Reykjavík þeir Ingvar Þorsteinsson formaður, Ásgeir Torfason gjaldkeri og Guðbjörn Guðbrandsson ritari, og lögum fjelagsins breytt þannig, að einungis öll stjórnin getur ritað firmað. Einnig að prókúruumboð Guðmundar Gamalielssonar bókbindara frá 4. des. 1907 er úr gildi gengið frá 31. jan 1909 að telja.

Reykjavík 1. febr. 1909.

Hlutafjlagið »Fjelagsbókbandið« í Reykjavík.

Ingvar Þorsteinsson. Ásgeir Torfason. Guðbjörn Guðbrandsson.

3. Hlutafjlagið »Skjaldbreiður« íslenskt iðnaðar- og verslunarfjlag rekur allskonar byggingarstarfsemi og verslun með allar tegundir byggingarefna og aðrar vörur, sem standa í sambandi við þau, lög fjelagsins samþykkt á stofnfundi þess 22. júní 1908. Stjórn fjelagsins skipa: Magnús Blöndahl framkvæmdarstjóri, Sigurjón Ólafsson, Stefán Egilsson, Sturla Jónsson og Jóh. Fr. Bratt starfstjóri í Noregi. Stjórnin öll ritar firmað. Prókúru hafa framkvæmdarstjórinn og starfstjórinn í Noregi. Höfuðstóll fjelagsins 430,000 krónur er skiftist í 1000, 500, 100 og 25 króna hluti. Hlutabréfin hljóða upp á nafn. Helmingur hlutanna er þegar greiddur, hinn helmingurinn greiðist fyrir þ. 26. mars þ. á. Til aukafundar skal boðað með tveggja mánaða fyrirvara í 2 blöðum í Reykjavík, 2 blöðum í Þrándheimi og 2 blöðum í Kristjáníu.

Reykjavík, 26. febrúar 1909.

Í stjórn hlutafjelagsins »Skjaldbreiður«.

Magnús Blöndahl. Stefán Egilsson. Sigurjón Ólafsson. Sturla Jónsson.

f. h. Jóh. F. Bratt, eftir umboði, Sveinn Björnsson.

4. Kirstine Nielsen tilkynnir fyrir hönd Carl Schepler að Carl Schepler reki **120** verslun hér í bænum með smjör, margarine og aðrar »Fedeverer« undir nafninu »Smjörhúsið«. Eigandi er Carl Schepler einn. Rjett til að rita firmað hefir fröken Kirstine Nielsen, sem hefir prókúru.

Jafnframt leyfi jeg mjer að tilkynna, að »Smjörhúsið« verslar með sjerstaka tegund af smjörliki, sem nefnist »Fálka margarine«. Óskast vörufn þetta skrásett á vörumerkjaskránni.

Ritar hún firmað þannig:

p. p. Smjörhúsið

Carl Schepler

Kirstine Nielsen.

5. Fiskiveiðahlutafjelagið »Fram« í Reykjavík rekur fiskiveiðar frá Reykjavík með firmanafninu: »Fiskiveiðahlutafjelagið Fram«. Skrifstofa og lögheimili er í Reykjavík. Samþyktir gerðar 13. maí 1907 og 24. febr. og 24. mars 1909. Höfuðstóll, sem borgaður er að fullu, er 45,500 kr., skiftist hann í jafna hluti 500 kr. Hlutabréfin eru stíluð á handhafa. Höfuðstólin hefir stjórnin heimild til að auka upp í 120 þús. kr. Til frekari aukningar þarf samþykki aðalfundar. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í stjórnarvaldaauglýsingablað Íslands. Í stjórn fjelagsins eru alþingismaður Magnús Blöndahl (formaður), meðstjórnendur, útgerðarmaður Elías Stefánsson, kaupmaður Ásmundur Gestsson, trjesmiður Halldór M. Ólafsson, vjelamaður Ól. Jónsson, allir til heimilis í Reykjavík.

Rjett til að rita firmað hefir meiri hluti stjórnarinnar, er ritist þannig.

pr. Fiskiveiðahlutafjelagið Fram

Magnús Blöndahl.

Ásmundur Gestsson.

Elias Stefánsson.

6. Vjer leyfum oss hjermeð að tilkynna til firmnaskrárinnar í Reykjavík, að herra P. J. Thorsteinsson er genginn úr stjórn fjelagsins og hættur að vera framkvæmdarstjóri þess og prókúruhafi.

Reykjavík, 1. apríl 1909.

Virðingarfylst

H/F P. J. Thorsteinsson & Co.

Thor Jensen.

Eggert Claessen.

7. Hjermeð tilkynnist, að firmað C. L. Lárusson & Co í Reykjavík hætti atvinnurekstri 1. maí 1908 og óskast aflýst.

Reykjavík, 9. apríl 1909.

Árni Gíslason.

H. L. Möller.

Ari Antonsson.

- 120 8. Það tilkynnist hjermeð að eg byrja nú þegar á verslun hjer í Reykjavík, er jeg nefni »Dagsbrún«, og óska mjer einkarjett til þessa nafns á verslun minni.

Reykjavík, 18. maí 1909.

Haraldur Árnason.

9. Hlutfjelagið »Sápuhúsið« í Reykjavík, stofnað með fjelagslögum samp. 28. maí 1909, rekur verslun með sápu, ilmvoðn og annað það, er slíkar verslanir venjulega selja. Í stjórn fjelagsins eru: framkvæmdarstjóri A. P. Bendtsen, Austurstræti 6, Egill Jakobsen kaupmaður í Vinaminni og Magnús Sigurðsson yfirjettarmálaflutningsmaður, Aðalstræti 18, allir til heimilis í Reykjavík. Framboðið hlutafje 6000 kr. í hlutum á 1000 kr. er innborgað að fullu. Hlutabrjefin hljóða á nafn. Auglýsingar skulu birtar í blaðinu »Ísafold« hjer í bænum svo og aðrar tilkynningar til fjelagsmanna. Heimild til þess að rita firmað hefir A. P. Bendtsen. Hann ritar firmað þannig:

h/f Sápuhúsið.

A. P. Bendtsen.

10. Pjetur Halldórsson cand. phil. tilkynnir, að hann reki bóka-, pappírs- og ritfanga-verslun undir firmanafninu »Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar«. Hann ritar sjálfur firmað, og prókúruumboð hefir Ólafur Runólfsson bókhaldari.

Undirskrift ritast þannig:

Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar

Pjetur Halldórsson.

Ólafur Runólfsson ritar:

pr. pr. Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar

Ólafur Runólfsson.

11. Garðar Gíslason kaupmaður í Reykjavík tilkynnir, að hann reki verslun í Reykjavík undir firmanafninu »G. Gíslason & Hey«.

Tilkynningin dagsett 10. ágúst 1909.

12. Hlutfjelagið »Sjávarborg« í Reykjavík rekur allskonar fiskiveiðar og allskonar aðra verslun með firmanafninu: Hlutfjelagið »Sjávarborg«. Samþykktir dags. 9. sept. 1908. Höfuðstóll 80,000 kr., skiftist í 80 hluti kr. 1000,00 sem hver hljóðar á nafn og eru greiddir. Stjórn fjelagsins eru Ásgeir Sigurðsson kaupmaður, Ágúst Flygenring kaupmaður og Gísli J. Johnsen kaupmaður í Vestmannaeyjum.

Formaður hefir vald til þess að koma í framkvæmd öllum þeim málum, sem fjelagsstjórnin ákveður, og skulu allir sáttmálar, samningar eða veðbrjef, sem formaður þannig útgefur fyrir fjelagsins hönd, vera bindandi fyrir fjelagið.

13. Aktieselskabet Adda Reykjavík; Stiftet den 1. November 1909. Formaal: **120**
Export, Import, Handel og Fiskeri: Bestyres af Herrer Emil Rokstad, Peter Henriksen, Jón Brynjólfsson. Aktiekapitalen Kr. 10000,00 — ti tusende Kroner — fordelt paa 100 Aktier á Kr. 100,00, et hundrede Kroner, som lyder paa Navne.

Belöbet er fuldt indbetalt.

Prokura tegnes af Herr Emil Strand Reykjavík.

14. Björn Kristjánsson kaupmaðar í Reykjavík tilkynnir, að hann frá 22. nóvember sje genginn úr firmanu »Björn Kristjánsson«, en gefur samþykki sitt til þess, að firmað, sem nú er algjörlega eign sonar hans, Jóns Björnssonar, haldi áfram undir sama nafni.

II. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.

1. Firma »Fiskiveiðahlutafjelag Faxaflóa« er 3. desember 1908 hætt atvinnurekstri og aflýsist.
2. H/F P. J. Thorsteinsson í Hafnarfirði tilkynnir, að herra Sigfús Bergmann í Hafnarfirði sje hættur að vera prókúruhafi fyrir fjelagið.
3. H/F P. J. Thorsteinsson í Hafnarfirði tilkynnir, að herra P. J. Thorsteinsson sje genginn úr stjórn fjelagsins og hættur að vera framkvæmdarstjóri þess og prókúruhafi.
4. Þórður J. Thoroddsen rekur verslun í Keflavík með allskonar varning undir nafninu verslunin »Keflavík«. Hann er einn eigandi, og ber alla ábyrgð. Procura hefir Eyjólfur Bjarnason verslunarstjóri.
5. Hlutafjlagið »Kaupfjelag Hafnarfjarðar« rekur verslun í Hafnarfirði og hefir þar sölubúð og skrifstofu. Lög fjelagsins samþ. 11. febr. 1909. Höfuðstóll kr. 2300, er skiftist í jafna hluti, 20 kr., er hljóða upp á nafn. Þaraf innleystar 800 kr., afgangurinn greiðist fyrir 1. jan. 1910.

Í stjórn fjelagsins eru: Sigurgeir Gíslason vegaverkstjóri, Steingrímur Torfason kennari og Sigurður Kristjánsson sýsluskrifari. Heimild til að rita firmað hefir öll stjórnin eða 2 úr henni.

III. Árnessýsla.

Hlutafjlagið »Reykjafoss« rekur tövinnuvjalar við Varmá í Ölfusi. Lög fjelagsins eru samþykkt 22. október 1908. Lofað hlutafje nemur 6000 kr. Þaraf er þegar greitt 3000 kr. Önnur greiðsla fyrir árslok 1909, þriðja greiðsla fyrir

- 120** árslok 1910 og síðasta fyrir árslok 1911. Höfuðstólin má auka upp í 60000 kr. Hlutabréfin eru stíluð á nafn og hljóða upp á 50, 25 og 10 kr.

Í stjórn fjelagsins eru: Guðmundur Ísleifsson á Háeyri, formaður, síra Ólafur Finnsson í Kálfholti, gjaldkeri, og Gunnlaugur hreppstjóri á Kiðjabergi, meðstjórnandi, og til vara: Guðmundur Jónsson oddviti á Eyrarbakka og Bjarni Eggertsson búfræðingur samastaðar. Rjett til að rita firmað hafa: Formaður og gjaldkeri í sameiningu, þá er um stærri upphæðir að ræða. Við daglegan rekstur rita þeir nafnið hvor í sínu lagi þegar um upphæðir alt að 100 kr. er að ræða.

IV. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

Thor Jensen tilkynnir, að herra P. J. Thorsteinsson sje genginn úr stjórn fjelagsins og hættur að vera framkvæmdarstjóri þess og prókúruhafi.

V. Dalasýsla.

Hlutaðjlagið Kaupfjlag Hvammsfjarðar rekur verslun í Búðardal og í Skarfstaðanesi. Í stjórn fjelagsins eru: Ólafur Finnsson óðalsbóndi á Fellsenda, Bjarni Jensson búfræðingur í Ásgarði og Páll Ólafsson í Hjarðarholti, formaður. Rjett til að rita firmað hafa: Stjórnin öll í sameiningu og sémuleiðis formaðurinn, Páll Ólafsson, einn. Hlutabréfin eru nefnd stofnbref og hljóða upp á 20 kr. hvert. Þau eru 268 að tölu, og eru öll innborguð.

VI. Barðastrandarsýsla.

Thor Jensen og Eggert Claessen tilkynna að herra P. J. Thorsteinsson sje genginn úr stjórn h/f P. J. Thorsteinsson & Co., og hættur að vera framkvæmdarstjóri þess og prókúruhafi.

VII. Isafjarðarsýsla og Isafjarðarkaupstaður.

1. Leonh. Tang & Sön tilkynna að verslunarstjóri Ó. F. Davíðsson hafi prókúruumboð fyrir verslun þeirra á Ísafirði með rjetti til að rita firmað.
2. Hinn 15. marsm. 1909 tilkynna Pjetur Oddsson og Oddur Guðmundsson, að þeir með firmanu P. Oddsson & Co. reki verslun í Bolungarvík og riti þeir firmað hvor um sig.

3. A/s N. Chr. Grams Handel á Þingeyri tilkynnir, að P. J. Thorsteinsson sje **120** gengin úr stjórn fjelagsins.

VIII. Akureyrarkaupstaður.

1. Kristján Árnason, Akureyri, og Magnús Sigurðsson, Grund, reka verslun í fjelagi á Akureyri undir firmanafninu »Eyjafjörður«.

Ábyrgð á versluninni bera þeir báðir og undirskrifa fyrir verslunarinnar hönd þannig:

pr. pr. Kr. Árnason & M. Sigurðsson
 Kr. Árnason;
 eða: pr. pr. Kr. Árnason & M. Sigurðsson
 M. Sigurðsson.

2. Jóhannes Þorsteinsson til heimilis á Akureyri, rekur þar verslun undir firmanafninu: »Verslun Hamborg«. Hann einn ber ábyrgð á versluninni og ritar firmanafnið þannig:

»Verslun Hamborg«
 Jóhannes Þorsteinsson

Norðurmúlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Formaður »Pöntunarfjelds Fljótsdalshjaraðs«, Halldór Stefánsson á Seyðisfirði, og framkvæmdarstjóri nefnds fjelds Ólafur Metúsalemsson verslunarstjóri s. st. tilkynna, að sú breyting sje orðinn á stjórn fjeldsins, að í stjórn þess eru nú þessir menn: Halldór Stefánsson á Seyðisfirði, formaður, Sigurður Jónsson í Hrafnsgarði varaformaður, og Björn Hallsson á Rangá, meðstjórnarmaður, en framkvæmdarstjóri fjeldsins og prókúruhafi er Ólafur Metúsalemsson, en afturkallað er prókúruumboð Jóns Stefánssonar.

2. Stjórn hlutafjeldsins Helgi Björnsson & Co. á Seyðisfirði tilkynnir, að prókúruumboð Helga Björnssonar á Bakkagerði í Borgarfirði sje úr gildi numið frá 20. janúar þ. á. og prókúruumboð sje aftur veitt frá sama tíma Jóni Ágúst Ólafssyni á Bakkagerði í Borgarfirði, sem jafnframt er orðinn framkvæmdarstjóri í stað Helga Björnssonar.

Að öðru leyti er fjelagið óbreytt.

3. Ragna Jónsson og Árni Þórðarson tilkynna, að þau sjeu hætt að reka verslunina »Hermes«, sem því sje lögð niður.